

# Eystrahorn

28. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 16. ágúst 2018

www.eystrahorn.is

## Tónlistarhátíðin Vírdós

Dagana 23. til 25. ágúst ætlum við að halda tónlistarhátíðina Vírdós í annað skiptið. Vírdós er tónlistarhátíð óvenjulegra hljóðfæra þar sem boðið verður upp á veglega dagskrá, tónleika, vinnustofu, hljóðfærasyningu og ball.

Hátíðin verður með svipuðu sniði og sú fyrsta en með fáeinum undantekningum þó. Við flytum inn frá Ameríku tónlistarmann og hljóðfærasmíð að nafni Travis Bowlin. Travis gaf nýverið út plötuna *Secundus* sem hefur verið að fá glymrandi góða dóma og verður gaman að sjá kappann flytja sitt nýja efni á hátíðinni. Einnig ætlum við að sameinast í því að safna fyrir Ægi Þór með hinum ýmsu skemmtilegu viðburðum sem tengjast hátíðinni.

Fimmtudagskvöldið 23. ágúst ætlum við að halda tónlistardjamm á Rakarastofu Baldvins. Þar verður hægt að kaupa styrktarklippingu til styrktar Ægi Þórs.

Svo munu nokkrir tónlistarmenn spila (buska) föstudaginn 24. ágúst milli kl. 17:00 – 17:30 í Nettó og söfnunarbás verður á staðnum.

Föstudagskvöldið verða tónleikar með þremur hljómsveitum í

Skreiðaskemmuni, Kucu Contraband, Mókrókar og hinn ameríski Travis Bowlin. Það verður frítt inn í Skreiðaskemmuna en þeir sem vilja leggja söfnun Ægis lið, þá verður söfnunarbás á staðnum. Laugardaginn 25. ágúst kl. 15:00 til 17:00 verður hljóðfærasyning og vinnustofa í Vöruhúsinu kl. 15:00 – 17:00. Við hvetjum alla sem hafa áhuga á hljóðfærasmíði að kíkja við.

Laugardagskvöldið verða þrjú tónlistaratriði í boði á Hafinu.

Lettneska tónlistarkonan Diana Sus byrjar og síðan spilar The Borrowed Brass Blues Band (BBB Band) en Friðrik Jónsson heimamaður, sá öflugur gítarleikari spilar í þeirri hljómsveit. BBB Band verða með alvöru Hammond orgel með sér! Tónleikana enda svo CCR Bandið með Credence Clearwater Revival heiðurstónleika.

CCR Bandið er skipað úrvals tónlistarmönnum og hlökkum við mikið til að heyrja í þeim.

Að loknum tónleikum ætlum við að slá í þrusu ball á Hafinu með gleðisveitinni Villi & The Weirdos!

Vonumst til að sjá sem flesta!

*Vilhjálmur Magússon  
Tjörvi Óskarsson*



Travis Bowlin



Biggi Haralds úr CCR bandinu

## Matthildur Ásmundardóttir ráðin bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði

Matthildur Ásmundardóttir framkvæmdastjóri HSU Hornafirði hefur verið ráðin bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Matthildur er 40 ára gömul og hefur undanfarin sex ár starfað sem framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Hornafirði. Áður starfaði hún sem sjúkráþjálfari hjá HSSA og sjálfstætt á eigin stofu.

Matthildur lauk BSc í sjúkráþjálfun frá HÍ árið 2002, MSc í íþrótt- og heilsufræði frá HÍ árið 2011 og Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun frá HA 2017.

Matthildur hefur reynslu af sveitarstjórnarmálum og sat í ýmsum nefndum

sveitarfélagsins á árunum 2006-2012. Í starfi framkvæmdastjóra HSU Hornafirði og nefndarstörfum hefur hún unnið að stefnumótunarvinnu í heilbrigðisþjónustu, tómstunda-, skóla- og menningarmálum þá sat hún í stýrihóp sem mótaði Fjölskyldustefnu sveitarfélagsins.

Matthildur hefur einnig verið virk í félagsstörfum á Hornafirði.

Matthildur er gift Hjálmarí J. Sigurðssyni, sjúkráþjálfara og saman eiga þau þrjú börn, Tómas Orra 14 ára, Elínu Ásu 12 ára og Sigurð Arnar 6 ára.

Matthildur hefur störf 1. september nk.



Matthildur Ásmundardóttir



**Hafnarkirkja**  
Sunnudaginn 19. ágúst kl.  
11:00

**Guðspjónusta**  
Kynningarfundur  
fermingarfræðslustarfsins að  
lokinni messu.  
Væntanleg fermingarborn og  
foreldrar þeirra sérlega hvött til  
að mæta.

Prestarnir

## Umhverfisviðurkenningar 2018

Umhverfisnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2018.

Umhverfisnefnd auglýsir eftir tilnefningum, einstaklingi (um), félagasamtökum, stofnun, fyrirtæki og lögbýlum til sveita, sem hefur með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúru og umhverfi að eðlilegum þætti í störfum sínum og rekstri eða hefur á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar náttúru og umhverfis.

**Frestur til að tilnefna er til 21. ágúst**, tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhússins Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið [bryndis@hornafjordur.is](mailto:bryndis@hornafjordur.is)

Bryndís Bjarnarson  
Upplýsinga- og umhverfisfulltrúi

**Ólöf K. Ólafsdóttir**, augnlæknir verður með móttöku á heilsugæslustöðinni á Höfn dagana 27. - 30. ágúst n.k.

**Guðni Arinbjarnar**, bæklunarlæknir verður með móttöku á heilsugæslustöðinni á Höfn þann 4. september n.k

Tímapantanir í síma 470-8600 alla virka daga milli kl. 8-16



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

**SUNDLEIKFIMIN** hefst í dag fimmtudaginn 16. ágúst kl. 16:00.

Gaman væri að sjá sem flesta 60 ára + taka þátt. Stjórnandi er: *Valgerður Reykjalin*.



## Þakkir

Við þökkum auðsýndan hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

**Hreins Eiríkssonar**

*Kristín Gísladóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.*



**Frumherji**  
Bifreiðaskoðun á Höfn  
20., 21. og 22. ágúst.

Tímapantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 17. ágúst. Næsta skoðun 17., 18. og 19. september.

**Frumherji**  
*þegar vel er skoðað*

## Myndir úr Stafafellskirkju

Vegna 150 ára vígsluafmælis Stafafellskirkju er sóknarnefndin að leita eftir myndum úr athöfnum í kirkjunni, sem og gömlum myndum af henni.



Ef eftirfarandi myndir leynast á ykkar heimili og þið viljug að leyfa okkur að fá afrit af þeim þá má hafa samband við sr. Gunnar Stíg í síma 862-6567 eða senda tölvupóst á [stigur@hafnarkirkja.is](mailto:stigur@hafnarkirkja.is).



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Rítstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)  
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.  
Rnr. 0537-14-409068  
Kt. 500210-2490

Ósinn auglýsir eftir þjóni í sal.

Um er að ræða hlutastarf 50-70% sem hentar vel með skóla.  
Frekari upplýsingar veitir Guðjón Bjarni.  
Netfang: [veitingar@hotelhofn.is](mailto:veitingar@hotelhofn.is) – Sími: 478-1240

**ÓSINN**  
RESTAURANT-PIZZERIA

Hótel Höfn  
Víkurbraut 20  
780 Höfn í Hornafirði  
S: 478 1240



# Opnun á vinnustofu í Gamla sláturhúsinu

Þann 10. ágúst síðastliðin var opnun á vinnustofu Evu Bjarnadóttur og Peters Álander í Gamla Sláturhúsinu á Fagurhólsmýri í Örfæfum.

Opnunin var gjörningur þar sem tímarnir fengu að mætast. Eva og Peter tóku við gömlu sláturhúsi Örfæinga, byggðu 1958, sem hafði staðið yfirgefið síðan vinnsla hætti.

## Tökum við yfir húsið eða húsið yfir okkur?

Ýmsir munir voru til sýnis frá tímum slátrunar og sundmagavinnslu sem var um skamma hríð í húsinu eftir að slátrun var hætt. Stimplar, vigtarseðlar, skilagreinar, fundið hér á undanförunum tveimur árum.

Einnig var sýnt myndband sem Guðlaugur Heiðar Jakobsson úr Bólta í Skaftafelli tók í síðustu sláturtíðinni hér 1988.

Lesin var upp vísnaðeðja Þorsteins Jóhannssonar í Svínafelli og Halldóru Magnúsdóttur sem vann hjá Afurðarsölu S.Í.S. Fyrsta vísan barst með flugi 1966, en flogið var



með sláturafurðir til Reykjavíkur áður en hringvegurinn var opnaður, eftir að strandflutningar lögðust af, og entust þessi samskipti þónokkrar sláturtíðir og lífðuðu uppá kaffitíma sveitunga.

Flutt var frásögn úr sláturtíð, spilað var á harmónikku, myndlist sýnd og eldsmiðisgripir. Boðið var upp á baunarétt. Dread Lightly hélt tónleika í lok kvöldsins.

Eva útskrifaðist úr myndlist frá Gerrit Rietveld Academie í Amsterdam árið 2016 og Peter Álander maðurinn hennar er áhugamaður um eldsmiði og matargerð.



Dread Lightly spilaði fyrir gesti



Vísnaðeðjan flutt, Þorsteinn Jóhannsson í Svínafelli (Pálina Þorsteinsdóttir dóttir hans les) og Halldóra Magnúsdóttir í Afurðarsölu S.Í.S. (Gunnlaugur Bjarnason les)



**Jökulsárlón Ferðapjónusta**  
óskar eftir að ráða starfsfólk öryggis- og fylgdarbáta (Zodiac)

### Starfssvið

- Fylgja eftir farþegabátum á siglingu
- Gæta öryggis farþega um borð í hjólabátum
- Gæta þess að siglingaleið sé örugg fyrir hjólabát

### Hæfniskröfur

- Vinna vel undir álagi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Gott líkamlegt ástand
- Einhver reynsla af stjórnun báta (eða annarra tækja) kostur

Skemmtilegt starf á fjörugum vinnustað, ef viðkomandi er á Höfn er starfsmannabíll í boði.

Einnig getur viðkomandi fengið að dvelja á Reynivöllum. Tímabil lok ágúst og út september.

Áhugasamir geta sent ferilskrá á [agust@jokulsarlon.is](mailto:agust@jokulsarlon.is)

# Láttu sjá þig á pallinum í sumar



## Alhliða veitinga- og pizzastaður

Verðum með opið frá kl.16-24 í sumar. Eldhúsið opið til kl.23

Happy hour stemning með bar-matseðli milli kl.16-18

Pizzapantanir í síma 478-2200. Heimsending frá kl.18-21.

**ÓSINN**  
RESTAURANT-PIZZERIA

### Hótel Höfn

Víkurbraut 20  
780 Höfn í Hornafirði  
S: 478 1240



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Stuðningsfulltrúi við Grunnskóla Hornafjarðar

Auglýst er eftir umsóknum í starf stuðningsfulltrúa við Grunnskóla Hornafjarðar sem getur hafið störf sem fyrst. Umsækjendur verða að eiga auðvelt með samskipt við börn og unglinga, vera lausnamiðaðir og jákvæðir.

Starf stuðningsfulltrúa er 80 – 85 % starf og felst í aðstoð við nemendur inni í bekk og í frímínútum. Vinnutími er frá 8:00-16:00 tvo daga vikunnar en skemur hina dagana.

Umsóknarfrestur er til 22. ágústs. Umsóknum skal skilað skriflega til skólastjóra á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er á heimasíðu skólans. <http://gs.hornafjordur.is/skolinn/starfsmenn/> Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskrar sveitarfélaga við AFL Starfsgreinafélag.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 899-5609 og á netfanginu [thorgunnur@hornafjordur.is](mailto:thorgunnur@hornafjordur.is)

Skólastjóri



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Frá Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu Innritun nýnema skólaárið 2018-2019 stendur yfir.

Síðasti umsóknardagur er fimmtudaginn 23. ágúst. Umsækjendur sækja um í gegnum íbúagátt bæjarfélagsins eða [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) (Þjónusta, Tónskóli)

Þeir nemendur sem voru í námi á síðasta ári og skiluðu inn umsókn í vor, þurfa ekki að sækja aftur um.

Skrifstofa skólans ásamt símatíma verður opin:

Miðvikud. 22. ágúst kl. 11.00-16.00 og fimmtud. 23. ágúst kl. 10.00-14.00, sími 470-8460

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans.

Einnig má senda fyrirspurnir á [tonskoli@hornafjordur.is](mailto:tonskoli@hornafjordur.is)

Skólastjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



## Starfsmenn vantar í félagsmiðstöðina Þrykkjuna

### 1. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar óskast í 50% starf. Ábyrgðar- og starfssvið:

- Skipuleggur starf Þrykkjunnar í samvinnu við Þrykkjuráð og tólmstundafulltrúa.
- Starfar með börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni.
- Hefur samskipti við skóla, foreldra og félagasamtök vegna starfseminnar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni.

### 2. Frístundaleiðbeinandi óskast í 30% stöðu í Þrykkjunni.

- Kemur að skipulagningu tólmstundastarfs og starfar með börnum og ungmennum á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ákveðinni festu, hafa góða skipulags- og stjórnunarhæfileika, vera liprir í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð.

### Umsóknarfrestur er til 24. ágúst n.k.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Ragnhildar Jónsdóttur fræðslustjóra í netfangið; [ragnhildur@hornafjordur.is](mailto:ragnhildur@hornafjordur.is) sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, s: 470 8000.



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Leikskólinn Lambhagi í Öræfum auglýsir eftir leikskólakennurum eða leiðbeinendum til starfa.

#### Helstu verkefni og ábyrgð:

Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda.

#### Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun eða önnur sambærileg uppeldismentun æskileg. Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg. Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum. Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður. Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Leikskólinn Lambhagi er lítill sveitaskóli samrekinn með grunnskólanum í Hofgarði. Þar dvelja að jafnaði um fimm börn á aldrinum eins til fimm ára. Í starfinu er lagt upp úr góðum samskiptum í samræmi við uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar einnig er áhersla á að nýta náttúruna í nánasta umhverfi skólans.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst, annars eftir samkomulagi. Skemmtileg vinna í boði fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa gaman af því að vinna með börnum.

Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist til Magnhildar Gísladóttur leikskólustjóra á netfangið [magnhildur@hornafjordur.is](mailto:magnhildur@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



## Markaðsstofa Suðurlands óskar eftir að ráða í starf verkefnastjóra

Starfið er fjölbreytt og spennandi og kemur verkefnastjóri að fjölmörgum og krefjandi verkefnum Markaðsstofunnar.

Meðal verkefna eru:

- Markaðs- og kynningarmál
- Verkefnastjórn
- Meðhöndlun og eftirfylgni blaðamannafyrirspurna
- Skipulagning og eftirfylgni kynningarferða
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Ráðgjöf m.a. á sviði markaðsmála til fyrirtækja

Nánari upplýsingar um starfið sem og Markaðsstofuna má finna á heimasíðunni [www.south.is/markadsstofan](http://www.south.is/markadsstofan).

Um er að ræða fullt starf og er umsóknarfrestur til og með 28. ágúst 2018.

Umsóknir sendist rafrænt á [south@south.is](mailto:south@south.is).



### Markaðsstofa Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands Fjölheimum, Tryggvagötu 13 800 Selfoss  
S: 560-2030 [www.south.is/markadsstofan](http://www.south.is/markadsstofan)

Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi



## MENNTASTOÐIR

Kennsla hefst 20. ágúst, örfá sæti laus

- Undirbúningur fyrir háskólabrú og annað nám
- Hægt er að stunda námið um allt Suðurland, dreifnám
- Námsgreinar: námstækni, stærðfræði, íslenska, enska, danska og upplýsingatækni
- Lengd: 660 kennslustundir
- Verð: 149.000, niðurgreitt af starfsmenntasjóðum (allt að 75%)
- Aldur: 20 ára og eldri

Allar nánari upplýsingar veitir Eydís Katla í síma 560 2030 og á netfanginu [eydis@fraedslunet.is](mailto:eydis@fraedslunet.is)  
Námsskráin er á: <https://fraedslunet.is>

# Tónlistarhátíð

óvenjulegra hljóðfæra 23. - 25. ágúst

Travis Bowlin

### Dagskrá, Höfn í Hornafirði:

#### Fimmtudagur 23.ágúst

- \* Blúsjamm á Rakarastofu Baldvins, 21:00 - 23:00

Styrktar klipping  
10 styrktar Ægis Þórs

#### Föstudagur 24.ágúst

- \* Örtónleikar í Nettó, 17:00 - 17:30
- \* Tónleikar í Skreiðaskemmuni, 21:00 - 24:00
- Kucu Contraband**
- Mókrókar**
- Travis Bowlin**

Fritt inn!  
en hvagi verður að styrkja söfnun Ægis á staðnum

#### Laugardagur 25.ágúst

- \* Hljóðfærasýning og vinnustofa í Vöruhúsinu, 15:00 - 17:00
- \* Tónleikar á Hafinu, 21:00 - 24:00
- Diana Sus**
- The Borrowed Brass Blues Band**
- CCR Bandið / Heiðurstónleikar (Credence Clearwater Revival)**
- \* Ball á Hafinu 00:30 - 03:00



2700 KR.  
INN  
Ball og tónleikar

Allur hagnaður af hátíðinni rennur í styrktarsjóð Ægis Þórs.

Ball  
Tónleikar  
Vinnustofa  
Hljóðfærasýning



Nánari upplýsingar: [vihjaldur@hornafirði.is](mailto:vihjaldur@hornafirði.is)







# AFL til góðra verka!

Atvinnulífið á Austurlandi byggir á drífandi og öflugu starfsfólki. AFL Starfsgreinafélag er verkalýðsfélagið á Austurlandi.

[www.asa.is](http://www.asa.is)

